



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 15. febrúar 2010.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar mánudaginn 15. febrúar 2010, kl. 16:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Ágúst Þór Bragason setti fundin og stjórnaði honum.

### Málefni:

1. Farið yfir ýmis verðtilboð.
  - a. Tilboð í lúgur vegna brautarskiptinga
  - b. Viðbótarflísar vegna potta á útisvæði
  - c. Tilboð í loftræstikerfi
  - d. Tilboð í járnsmíði, hlið og uppsetningu á girðingu
  - e. Verðkönnun á vatnsstýrikerfi og varmaskiptum
  - f. Verðkönnun á vatnslagnaefni
  - g. Tilboð í flísar í búningsklefum
2. Staða tilboða í 3 áfanga
3. Gögn vegna hönnunar og frágangs á búningsklefum
4. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. a. Tvö tilboð bárust. Samþykkt að taka lægra tilboði frá Á.Óskarssyni ehf.
  - b. Lögð fram staðfesting frá Parka ehf á pöntun á viðbótarflísunum vegna frágangs við potta og vaðlaug.
  - c. Tilboð í loftræstikerfi frá V.A. ehf. Einnig var lögð fram kostnaðaráætlun frá V.N. Samþykkt að ræða nánar við tilboðsgjafa og taka afstöðu til tilboðsins síðar.
  - d. Tilboð í járnsmíði vegna girðingar umhverfis sundlaugargarðinn frá V.A. ehf. Samþykkt að taka tilboðinu.
  - e. Lagt fram tilboð í vatnsstýrikerfi og varmaskipta frá Danfoss og Ísleifi. Samþykkt að bíða með að taka afstöðu til tilboðanna til næsta fundar.
  - f. Lagt fram tilboð í vatnslagnaefni frá Vatnsvirkjanum. Samþykkt að bíða með að taka afstöðu til tilboðsins til næsta fundar.
  - g. Lagt fram tilboð frá Álfaborg í flísar fyrir búningsklefanna. Arkitekt hefur staðfest tilboðið af hálfu verkkaupa.
2. Farið yfir stöðu einstakra verkþátta og að tilboð munu berast í lokaáfanga á næstu dögum.
3. Farið yfir og rætt um skipulag og frágang í búningsklefum. Stefáni og Guðmundi falið að fara yfir það sem fram kom með arkitekt.
4. Engin önnur mál voru færð til bókar.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 17.00.

Valgarður Hilmarsson  
Guðmundur Haraldsson  
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason